



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

RÆÐA FORSETA Á VIÐSKIPTARÁÐSTEFNU Í FINNLANDI

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hélt í dag erindi á viðskiptaráðstefnu sem KB-banki efndi til í Helsinki. Ráðstefnuna sóttu um 400 forystumenn úr finnsku fjármála- og atvinnulífi.

Erindið nefndi forseti *The Icelandic Ventures: Can the Success Continue?* og í því fjallaði hann um þróun og framtíðarhorfur íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi, bæði í alþjóðlegu samhengi og með tilliti til íslensks efnahagslífs og samfélags. Ræðuna má nálgast á heimasíðu forsetaembættisins.

Í hádeginu í dag flutti forsetinn einnig ræðu á hádegisverðarfundi finnsku kauphallarinnar að viðstöddum ríflega 100 stjórnendum helst fyrirtækja í finnsku atvinnulífi. Ræðan var efnislega samhljóða fyrrnefndu erindi forsetans.

Forsetinn hefur einnig átt viðtöl við fjölmiðla um framtíðarhorfur í íslensku viðskiptalífi, alþjóðleg umsvif íslenskra athafnamanna og þá lærdóma sem draga má af atburðum síðustu vikna.

24. maí 2006

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).